

álfta, að áfrýjandinn hafi eigi fært sönnur fyrir því, að veðsetningin til sparisjóðsins hafi verið ólögmæt, að því helming hinnar veðsettu eignar snertir, og verður því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnáms- og uppboðsgjörð og undanfarandi úrskurði. Málskostnaður virðist eiga að falla niður, og eptir þessum úrslitum málsins verða engin málsfærslulaun tildæmd hinum skipaða málfærslumanni áfrýjandans.

Það vottast, að flutningur málsins af hálfu sækjanda hefur verið lögmætur.

P v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hin áfrýjada fjárnámsgjörð og uppboðsgjörð með undanfarandi úrskurðum eiga að vera óraskaðar.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. janúarmánaðar.

Nr. 52/1889.

Hreppsnefnd Arnarneshrepps.

gegn

Halldóri Briem.

D ó m u r :

Hinn 27. febrúar f. á. gjörði hreppstjórinn í Arnarneshreppi lögtak hjá Halldóri Briem, kennara við Möðruvallaskóla, fyrir aukaútsvari, að upphæð 30 kr., er hreppsnefndin í Arnarneshreppi hafði lagt á Halldór Briem fyrir árið 1888—89. Þessa lögtaksgjörð felldi fúgetarjettur Eyjafjardarsýslu úr gildi 13. marz næst eptir. En með stefnu 26. ágúst f. á. áfrýjaði hreppsnefnd Arnarneshrepps nýnefndum úrskurði til landsyfirdómsins og hafði til þess fengið gjafsókn og

skipaðan talsmann. Rjettarkrafa áfrýjanda er sú, að hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, en lögtaksgjörðin 27. febrúarmán. f. á. í alla staði staðfest, og að hinn stefndi verði dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og hreppsnefndin í Arnarneshreppi skylduð til að greiða sjer allan þann kostnað, er hann hefur orðið fyrir út af áfrýjun málsins, að skaðlausu eða eptir mati yfirdómsins, en til vara, að lögtaksgjörð hreppstjórans frá 27. febrúarmán. f. á. verði ónýtt, að því er hálfá útsvarshæðina, 15 krónur, snertir, með því að stefndi í öllu falli hafði lögheimili á Akureyri í 4½ mánuð sumarið 1888, sömuleiðis eldstó, búskap og vinnuhjú árlangt, og dvaldi þar sjálfur persónulega að vetrinum um hátíðirnar og allar helgar — eða að lög-takið verði að minnsta kosti gjört ónýtt fyrir $\frac{3}{5}$ af útsvarinu fyrir tímabilið frá 14. maí til 30. september, og að málskostnaður þá verði dæmdur stefnda eptir rjettarins mati.

Það er komið fram í málinu og viðurkennt af sjálfum áfrýjandanum, að hinn stefndi, Halldór Briem, sem er kennari við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum í Arnarneshreppi, hjelt hús á Akureyri frá vordögum 1888 til vordaga 1889 og ljet konu sína og hjú búa þar, að hann sjálfur dvaldi þar, þangað til skóli byrjaði á Möðruvöllum haustið 1888, en eptir það hafði hann að nokkru leyti kost, þjónustu og húsnæði hjá skólastjóranum á Möðruvöllum, þó svo, að hann fór einusinni í hverri viku, svo og um hátíðar, inn á Akureyri og bjó þar

pá með konu sinni í húsi því, er þau höfðu tekið á leigu þar á staðnum.

Eftir því, sem þannig er upplýst í málinu, verður að álíta, að hinn stefndi hafi átt lögheimili á Akureyri fardagaárið 1888-89 og að fyrir því hafi eigi verið heimild til þess að leggja aukaútsvar á hann í Arnarneshreppi, þótt hann gegndi kennarastörfum við Möðruvallaskólann frá 1. okt 1888 til vordaga 1889. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og eftir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að hreppsnefndin greiði hinum stefnda 25 krónur sem málskostnaðar-
endurgjald, en umbodsmanni hreppsnefndarinnar verða eigi tildæmd málflutningslaun að svo vöxnu máli.

Það vottast hjer með, að sókn málsins hefur verið lögmet fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera órask-
aður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Arnarneshrepps, á að greiða hinum stefnda, Halldóri skólakennara Briem, 25 krónur upp í málskostnað, er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. febrúarmán.

Nr. 1/1890

Hjð opinbera

gegn

N. S. Krüger.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað gegn kærða, lyfsala í Reykjavík N. S. Krüger, fyrir brot á helgidagalöggjöfinni, og var það dæmt fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 9. desbr. f. á. þannig, að kærði skyldi samkvæmt 10. gr. tilsk. um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, 28. marz 1855, greiða 5 króna sekt í fátækra sjóð Reykjavíkur og allan af málinu leiðandi kostnað, en dómi þeim hefur bæði að ósk hins kærða og fyrir hönd hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.